

Föllumst vér á með skírskotun til heimildar í 28. gr. stjórnarskrárinnar að setja svofelld bráðabirgðalög: 51

16. júní

1. gr.

Við 2. gr. laga nr. 84/1940 bætist:

Vinningar í veðmálastarfsemi íþróttasjóðs skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti, á því ári, sem þeir falla til útborgunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Björn Ólafsson.

Stjórnartíðindi 1952, A. 5.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

52

16. júní

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna mikilla erfiðleika á öflun lánsfjár sé ógerlegt að afla fjár til nokkurra hafnargerða, sem óumflýjanlegt sé að ljúka sem allra fyrst, og er þar aðallega um að ræða höfnina í Ólafsfirði og á Rifi á Snæfellsnesi, auk nokkurra minni hafnargerða. Sé því mikil nauðsyn að gera þá breytingu á lögum um hafnarbótasjóð, að ráðherra sé heimilt að lána úr hafnarbótasjóði fé til framkvæmda, sem þannig er ástætt með, og fella jafnframt úr gildi hömlur þær, sem eru á ráðstöfun stofnfjár sjóðsins. Jafnframt sé nauðsynlegt að fá heimild til þess að veita styrk úr hafnarbótasjóði til hafnargerða og lendingarbóta, sem orðið hafa fyrir skemmdum af óviðráðanlegum orsökum.

Með því að vér föllumst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hafnarbótasjóð, eru hér með samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

4. gr. laganna orðist svo: 1. gr.

Úr sjóðnum má veita fé með þrennu móti:

1. Styrk til hafnargerða og lendingarbóta á þeim stöðum, sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum ofviðra, af sandburði, af völdum jarðskjálfta eða flóða, eða af öðrum slíkum óviðráðanlegum orsökum.
2. Vaxtalaus lán til hafnar- og lendingarbótasjóða á þeim stöðum, þar sem hafnarmannvirki standa ófullgerð, eða nokkuð á veg komin, en sem ekki hefur tekizt að ljúka vegna fjárskortis.

Ráðherra ákveður lánstíma og greiðsluskilmála.

- 52 3. Viðbótarframlög til aðkallandi hafnarbóta á stöðum, þar sem hafizt hefur verið
16. júní handa um framkvæmdir, en framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum nægja ekki til greiðslu lögákveðins kostnaðarhluta ríkissjóðs við framkvæmdirnar.
Framlög, sem þannig eru greidd úr hafnarbótasjóði samkv. 3. lið, skulu endurgreidd honum úr ríkissjóði á næstu þremur árum.
Leita skal umsagnar Fiskifélags Íslands og vitamálastjóra um fjárveitingar úr sjóðnum, en ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur um leið úr gildi 1. gr. laga nr. 25 12. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 93 16. des. 1943, um hafnarbótasjóð.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

53
24. júlí

AUGLÝSING

um viðskiptasamning milli Íslands og Brasilíu.

Með erindaskiptum milli Thor Thors sendiherra Íslands í Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, og Joao Neves da Fontoura, utanríkisráðherra Brasilíu, fyrir hönd ríkisstjórnar Brasilíu, var hinn 30. apríl 1952 gerður samningur um viðskipti Íslands og Brasilíu.

Samkvæmt samningi þessum leyfir íslenzka ríkisstjórnin útflutning til Brasilíu á saltfiski fyrir allt að 500 000 sterlingspund, og ríkisstjórn Brasilíu leyfir útflutning til Íslands á kaffi fyrir 400 000 sterlingspund, og á hnetum, plöntufeiti, kakófeiti, ullarvörum, húðum, baðmullardúkum, ullardúkum, ávöxtum og öðrum vörum fyrir 100 000 sterlingspund.

Brasilía mun heimila innflutning á saltfiski frá Íslandi með hliðsjón af því, að fyrir komi útflutningur á vörum frá Brasilíu fyrir um það bil sömu fjárhæð.

Hinar brasilísku vörur, sem seldar verða til Íslands, og hinn íslenzki saltfiskur, sem seldur verður til Brasilíu, skulu eingöngu vera til innanlandsneyzlu í hvoru landinu um sig.

Samningurinn gildir í eitt ár frá 30. apríl 1952 að telja, og má framlengja hann um jafnlangt tímabil, ef svo semst með samningsaðiljum á þremur síðustu mánuðum gildistímans.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 24. júlí 1952.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.